



Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður

Kópavogur, 16. febrúar 2026

Almennt útböð á ytri endurskoðun Almenna – Lífsverks lífeyrissjóðs

Almenni – Lífsverk lífeyrissjóður, kt. 450290-2549 hefur ákveðið að leita tilboða í ytri endurskoðun fyrir lífeyrissjóðinn frá og með rekstrarárinu 2026. Um er að ræða almennt útböð í skilningi laga nr. 65/1993, um framkvæmd útböða.

Endurskoðun þarf meðal annars að uppfylla kröfur sem fram koma í lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, reglur nr. 685/2001 um endurskoðun lífeyrissjóða, reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA).

Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífsverk lífeyrissjóður sameinuðust þann 1.1.2026 undir kennitölu Almenna lífeyrissjóðsins og tók upp nafnið Almenni - Lífsverk lífeyrissjóður. Sjóðurinn starfrækir samtryggingardeild og sjö séreignardeildir. Heildareignir samtryggingar- og séreignarsjóðs eru um 730 milljarðar króna. Starfsmenn eru 34 talsins. Sjóðurinn er hefðbundinn lífeyrissjóður, með áherslu á ráðstöfun lífeyrisiðgjalda í séreign. Sjóðurinn veitir sjóðfélagalán til sjóðfélaga sinna.

Mat á tilboðum sem berast sjóðnum er háð skoðun og staðfestingu endurskoðunarnefndar sjóðsins. Samþykktir sjóðsins og starfsreglur endurskoðunarnefndar Almenna - Lífsverks kveða á um að nefndin skuli setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Nefndin mun á grundvelli tilboða leggja fram tillögu til stjórnar. Endanlegt val endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis fyrir hvert reikningsár er síðan í höndum sjóðfélaga sjálfra á aðalfundi, næsti aðalfundur verður 15. apríl 2026.

Þjónusta endurskoðanda felst í endurskoðun ársreiknings 31. desember ár hvert á gildistíma tilboðs. Miðað er við að endurskoðaður ársreikningur liggi fyrir 10. mars næsta ár.

Ársreikningur er unninn af fjármálasviði sjóðsins og er forstöðumaður þeirrar deildar Árni Grétarsson, löggiltur endurskoðandi. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

Fjárhagsbókhald sjóðsins er Business Central. Verðbréfakerfi er APX í gegnum Íslandsbanka, sjóðfélagalán eru í Libra Loan hjá Five Degrees og iðgjalda- og lífeyriskerfi er Kría hjá Fuglum. Sjóðurinn á einnig í samningssambandi við aðra aðila og nýtir margvísleg kerfi og lausnir þjónustuaðila í starfsemi sinni.

Innri endurskoðandi framkvæmir árlega athugun á sjóðnum í samræmi við ákvæði laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997 og reglugerð nr. 577/2012.

Ársreikningar fyrri ára annars vegar Almenna lífeyrissjóðsins og hins vegar Lífsverks lífeyrissjóðs og aðrar upplýsingar um sjóðinn er aðgengilegt á vefsvæðinu www.almenni-lifsverk.is.

Eftirfarandi þarf að lágmarki að koma fram í tilboðum til sjóðsins:

- Almennar upplýsingar um endurskoðunarfélagið og helstu eigendur, nafn tengiliðs og tengiliðaupplýsingar.
- Bjóðandi þarf að hafa á að skipa a.m.k. þremur löggiltum endurskoðendum og a.m.k. tveimur sérfræðingum sem lokið hafa háskólaprófi í viðskiptagreinum og hafa að lágmarki þriggja ára reynslu við ytri endurskoðun.
- Aðgangur að sérfræðingi með þekkingu á tryggingastærðfræði.
- Bjóðandi skal hafa innan félagsins sérfræðing í upplýsingakerfum
- Upplýsingar um starfsmenn sem munu sinna endurskoðuninni, þekkingu þeirra og reynslu og hvaða endurskoðandi mun leiða endurskoðunina.
- Drög að endurskoðunaráætlun og áætlun á tímafjölda.
- Áætlun skipting á umfangi vinnunnar milli aðila innan teymisins.
- Árleg heildarþóknun fyrir endurskoðun sjóðsins að meðtöldum virðisaukaskatti.
- Tímagjald endurskoðanda og annarra sérfræðinga vegna annarra verkefna sem sjóðurinn kann að óska eftir að verði unnin (að meðtöldum virðisaukaskatti).
- Lýsing á gæðakerfi endurskoðunarfélags og meðhöndlun gagna.
- Ef við á, upplýsingar um málarekstur sem endurskoðunarfélagið og/eða eigendur standa í.
- Upplýsingar um starfsábyrgðartryggingu.

Við mat á tilboðum verður m.a. litið til draga að endurskoðunaráætlun, árlegrar heildarþóknunar fyrir endurskoðun, áætlaðs tímafjölda við endurskoðun og skiptingu þeirra niður á teymið, uppgefinna tímagjalda vegna annarrar vinnu, reynslu þeirra sem kæmu að verkefninu, reynslu af endurskoðun sambærilegra verkefna, þekkingu á áhættustýringu og endurskoðun upplýsingakerfa, aðgangs að sérfræðingum með þekkingu á tryggingastærðfræði auk almennrar hæfni tilboðsgjafa.

Mat á tilboðum verður tvíþætt, upphaflegt mat og frekara mat. Eftir upphaflegt mat verður þeim aðilum sem áttu hagstæðustu tilboðin með hliðsjón af heildarmati á grundvelli ofangreinds boðið að veita sjóðnum frekari kynningu á tilboði sínu, í byrjun mars 2026. Að lokinni kynningu fer fram frekara mat og leggur nefndin fram tillögu til stjórnar á grundvelli samanlagðs mats. Tekið er fram að frávíkstilboð eru ekki heimil.

Endurskoðandi þarf að uppfylla kröfur um óhæði gagnvart sjóðnum sem gerðar eru í lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019. Þá skal sá endurskoðandi sem mun leiða verkefnið af hálfu tilboðsgjafa hvorki hafa sætt áminningu endurskoðendaráðs skv. 2. mgr. 48. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun né heldur þurft að sæta endurteknu

gæðaeftirliti á síðustu tveimur árum. Jafnframt skal endurskoðandi sem leiðir verkefnið ekki hafa sætt áminningu endurskoðendaráðs.

Þess er óskað að tilboð um þjónustu taki til næstu 5 ára miðað við núverandi starfsemi sjóðsins, en sjóðurinn áskilur sér rétt til uppsagnar samnings með þriggja mánaða fyrirvara. Skal árituninni bæði skilað á íslensku og ensku. Fyrirvari er um samþykki ársfundar hverju sinni. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboð sem er, eða hafna öllum.

Tilboðsgjafar eru bundnir af tilboðum sínum þar til ársfundur Almenna - Lífsverks lífeyrissjóðs hefur veitt samþykki fyrir tilnefningu endurskoðanda og skal þá gengið til samninga við þann endurskoðanda sem samþykktur var á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs.

Frekari upplýsingar veita forstöðumaður fjármálasviðs sjóðsins, Árni Grétarsson, arni@almenni-lifsverk.is og formaður endurskoðunarnefndar sjóðsins, Helga Harðardóttir, helgahar.L2@gmail.com.

Tilboð skulu send til Almenna - Lífsverks lífeyrissjóðs í lokuðu umslagi, Dalvegi 30, 201 Kópavogur, eða með tölvupósti á utbod@almenni-lifsverk.is. Sé tilboði skilað með rafrænum hætti skal skjalið læst með lykilorði sem skal afhent sjóðnum sérstaklega fyrir opnunartíma útboðsins.

Tilboðum skal skila fyrir kl. 12:00 þann 26. febrúar 2026. Tilboð verða opnuð á skrifstofu sjóðsins að Dalvegi 30, Kópavogi klukkan 15:00 þann sama dag í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska og verður þá upplýst um bjóðendur og heildarfjárhæð. Við opnun tilboða verða nöfn bjóðenda lesin ásamt árlegri heildarþóknun tilboðs með virðisaukaskatti.

Virðingarfyllt,



Gunnar Baldvinsson
framkvæmdastjóri

